

6. fundur landssambandsstjórnar DKG 2022-2023 haldinn mánudaginn 6. mars kl. 19:30 2023 fjarfundur

Mættar: Guðrún Edda Bentsdóttir Kappadeild, forseti, Aníta Jónsdóttir Betadeild, 1. varaforseti, Guðný Helgadóttir Gammadeild, 2. varaforseti, Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir Nýdeild, ritari, Elísabet Jóhannesdóttir Deltadeild, meðstjórnandi, Kristín Helgadóttir Betadeild, gjaldkeri, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir Alfadeild, fráfaramandi forseti og Eygló Björnsdóttir Betadeild, vefstjóri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt með fyrirvara um breytingar.
2. Rætt um inntökugjald fyrir nýja félaga og skil á greiðslum. Ársuppgjör er 1. júlí, þannig að konur sem koma inn á starfsárinu eftir þann gjalddaga greiða ýmist heilt eða hálf t gjald og miðast það við áramót. Guðrún Edda mun ítreka þetta í forsetabréfi til formanna og senda póst á gjaldkera.

3. Landssambandsþing 13. – 14. maí

Staða undirbúnings:

- Kynningarmál

Menntamálanefndi hefur sent stjórninni drög að ramma fyrir dagskrá þingsins og frekari upplýsingar koma síðar í vikunni. Gert er ráð fyrir að þema í erindum ráðstefnunnar verði *Framtíðarskólinn/Menntun til framtíðar*.

- Auglýsing

Umræður um hvernig best sé að haga auglýsingu á þinginu, hefur er fyrir fundarboðinu á DKG vefnum en það mætti líka setja það upp sem viðburð á FB og tilkynna sem frétt. Gott að byrja snemma að setja fram upplýsingar, bæta svo við og hvetja konur til að skrá sig allt fram að þingi.

- Skráning

Guðrún Edda lagði fram drög að Google skráningarblaði og það rætt. Tillaga kom fram um að bæta við upplýsingum í skráningarskjalið, bankaupplýsingum fyrir greiðslu og hlekk til að bóka hótél.

- Ýmsar umræður um vorþing

Almenn umræða nýs gjaldkera um endurskoðun gagna og skil og tillögu hans um rafræn skil þeirra.

4. Evrópuráðstefnan

- Undirbúningur og kynning

Undirbúningurinn er í fullum g angi og skráning gengur vel. Í næsta fréttabréfi mun Guðrún Edda senda út hlekk á dagskrána. Nokkrar konur á Íslandi hafa þegar skráð sig og spurning um að setja á FB kynningarsíðu þannig að konur sem íhuga þátttöku geti fylgst með.

5. DKG Next

Umræður um erindi frá Marie Antoinette (ERD)/Debbie LeBlanc (alþjóðaforseta) um að senda tillögur fyrr 14. mars um unga framtíðarleiðtoga fyrir samtökin en það er efni ráðstefnu á 2 stöðum í USA og 1 í Evrópu. Nokkrar tillögur um frambærilegar konur komu fram á fundinum.

6. Fundir nýrra félaga með Debbie Leblanc, alþjóðaforseta. Þetta er nýtt hjá alþjóðasamtökunum og fer ekki gegnum landssambandsstjórnina þannig að Guðrún Edda mun hafa samband við félaganefndina og fá frekari upplýsingar.
7. Umræður um greiðslu ferðakostnaðar fyrir Evrópuforseta sem er 1 evra á hvern félagsmann. Gjaldkeri kannar félagafjöldann og tekin ákvörðun um að félagið greiði fyrir erlenda millifærslu.

Önnur mál

- Fréttabréf forseta

Guðrún Edda fer í gegnum gátlista formanna og skerpir á upplýsingum um árgjöld, viðburði og styrki.

- Leiðrétting frá síðasta fundi

Ísland hefur rétt á 2 plássum á námskeiðinu í Austin, Texas, sem haldið er í júní en ekki 4 samkvæmt fyrri upplýsingum.

- Gert er ráð fyrir að allar upplýsingar um vorþingið verði komnar í lok mars.

Fundargerð ritaði Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir, ritari
Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 27. Mars kl. 19:30
Fundu slitið kl. 21:13